

Mál nr. 286/2019**M og
V vegna slysatryggingar sjómanna A hjá V.****Ágreiningur um hvort matareitrun falli undir slyshugtak vátryggingarskilmála.****Gögn.**

Málskot dags. 03.09.2019 ásamt fylgigögnum 1-8.

Bréf V dags. 11.09.2019 ásamt fylgigögnum 1-2.

Málsatvik.

Samkvæmt upplýsingum í málskoti leitaði M sér lækniaðstoðar vegna einkenna frá meltingarfærum hinn 29. september 2017. Hann kveðst fyrst hafa fundið við einkennum hinn 26. september, eða þremur dögum fyrr, þegar hann var á leiðinni í land en hann var skipverji á skipi í eigu A. Þá segir hann annan skipverja hafa veikst um svipað leyti. Við rannsóknir hafi svo komið í ljós að M hafði sýkst af salmonellu.

M telur tjón sitt vegna þessa bótaskyldt úr slysatryggingu sjómanna, sem er hluti af áhafnatryggingu sem A er með í gildi hjá V. Máli sínu til stuðnings vísar M til skilmála umræddrar vátryggingar þar sem fram komi að vátryggingin bæti slys sem verði á sjómanni um borð í skipi A. M telji að einkennum hans megi rekja til slyss enda sé slys skilgreint sem „skyndilegur og utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama tjónþola og gerist án hans vilja.“ Þá hafi sjúkdómar sem stafa af skaðlegum áhrifum efna, geislaorku eða öðru hliðstæðu verið skilgreindir sem slys, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga um slysatryggingar almannatrygginga nr. 45/2015. Því hafi verið um slys í þeim skilningi að ræða. M hafi verið við störf um borð þegar hann neytti matar sem bryti skipsins hafði framreitt, og hafi sá matur verið mengaður af salmonellu.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að einkennum M verði ekki rakin til slyss heldur veikinda, enda hafi ekki verið um að ræða ákomu eða áhrif utan frá. Þess utan sé ósannað að veikindin megi rekja til matvæla sem M hefði neytt um borð í skipinu, enda hafi veikindin ekki komið upp fyrr en eftir að M var kominn í land.

Álit:

Telja verður að atvik það er leiddi til einkenna M, þ.e. eitrun af völdum salmonellu, sem alla jafna berst með matvælum, sé slys í skilningi umræddra skilmála. Þannig er um að ræða skyndilegan og utanaðkomandi atburður sem átti sér stað án vilja M. Veikindi af völdum matareitrunar verða þannig beint rakin til utanaðkomandi þátta en ekki veikleika í líkama M sjálfs. Þá er matareitrun ekki undanskilin í skilmálum nr. 344 sem gilda um umrædda vátryggingu, og verður hún heldur ekki felld undir neitt ákvæði 8. gr. um undanskilda áhættu. Þá verður að telja nægilega í ljós leitt að M hafi neytt hinna salmonellusýktu matvæla þegar hann var við störf í skipi A, enda hafi hann verið í töluvert löngum tús og einkenna orðið vart þegar hann var á leið í land. Þá verður heldur ekki séð að M hafi á einhvern hátt verið meðvaldur að tjóni sínu svo réttlætanlegt sé að skerða bótarétt hans.

Niðurstaða.

M á óskoraðan rétt til bóta úr slysatryggingu sjómanna A hjá V.

Reykjavík 1. október 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.